



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 2.apríl 2021

Efni: Umsög um Bandalags íslenskra listamanna um drög að menningarstefnu 2021–30

Það er talsvert erfitt að festa hönd á þeim texta sem nú er kynntur í samráðsgátt, til þess er hann alltof almennur og erfitt að sjá hann verða „... menningarlífi landsins kröftugur meðbyr og leiðarvísir“, eins og segir í inngangi stefnunnar. Til þess að verða leiðarvísir þarf stefnan að vera mun skýrari og efnisflokkar hennar skilgreindir með framkvæmdaáætlun og ábyrgðaraðilum.

Allir flokkar stefnunnar eru góðra gjalda verðir en þarfnast þó mun meiri og dýpri greiningar til að verða trúverðugir. Skilningur á hugtökum þarf að vera ljós og sameiginlegur, til dæmis er í stefnunni ýmist talað um aðgang eða aðgengi, að því er virðist um sama hlutinn. Í umhverfi menningar og listsköpunar getur hugtakið aðgengi einfaldlega átt við um möguleika og réttindi einstaklings eða hóps til þess að komast á viðburð, en ekki síður um það að ryðja úr vegi mögulegum menningarlegum hindrunum listamanna til að starfa, eða að gera ólíkum kimum samfélagsins kleyft að iðka list sína, finna henni farveg og eiga samtál við umhverfi sitt um sína hugmyndafræði. Aðgengi er dæmi um flókna orðræðu sem þarf að draga skýrum dráttum í menningarstefnu.

Annað dæmi um skort á dýpt er kaflinn um menningu í alþjóðasamhengi. Hann fjallar nær eingöngu um kosti við þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og hlutverk stjórnvalda í vandaðri kynningu og markaðssókn. Hér er allt satt og rétt en ef alvara liggur að baki þeim fullyrðingum sem settar eru fram í inngangi stefnunnar um sjálfbærni og samfélagsábyrgð og að heimsmarkmiðin séu eitt af leiðarljósum stefnunnar vantar að minnast á alþjóðlega ábyrgð okkar og hlutverk menningar og menntunar í þróunaraðstoð og hvað við getum lagt af mörkum út á við, t.d. hvað varðar lýðræði og mannréttindi.

Það væri hægt að fara svona í gegn um alla þætti þessara draga að menningarstefnu, en við látum nægja að nefna þessi tvö dæmi. Það sem skýrt getur ágætan vilja þessa texta er að honum fylgi aðgerðaáætlun sem staðfestir þessi fyrirheit. Í þeirri aðgerðaráætlun þarf að tilgreina ábyrgðaraðila fyrir hvern þátt. Það myndi líka hjálpa þeirri áætlun að sú stefna sem samþykkt var 2013 yrði greind út frá árangri, hvað hefur náðst og hvað stendur út af.

F.h. Bandalags íslenskra listamanna
Erling Jóhannesson